

# Lögreglustjórafélag Íslands

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
nefndasvið@althingi.is

Akureyri 23. febrúar 2023

**Efni: Athugasemdir Lögreglustjórafélags Íslands við frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996, með síðari breytingum (afbrotavarnir, vopnaburður og eftirlit með lögreglu), 535. mál.**

Með tölvupósti dags. 13. febrúar sl. var Lögreglustjórafélagi Íslands boðið að koma að athugasemdum við ofangreint frumvarp og er bréf þetta skrifað af því tilefni. Athugasemdir þessar eru sendar fyrir hönd Lögreglustjórafélag Íslands.

## 1. Almennt

Lögreglustjórafélag Íslands lýsir ánægju sinni með framkomið frumvarp dómsmálaráðherra og telur að með því sé skerpt á mikilvægum þáttum sem eru löggæslunni nauðsynlegir. Eðlilegt er að ákvæði um vopnaburð lögreglu komi fram í lögreglulögum en ekki vopnalögum líkt og lengi hefur verið bent á. Þá skiptir verulegu máli að lögregla geti rækt afbrotarvarnahlutverk sitt, sem hún fer með lögum samkvæmt en skort hefur nauðsynlegar heimildir til að sinna þeim í alvarlegustu afbrotum landsins. Frumvarpið leggur til skynsamlega og varfærna leið til þess að lögregla geti rækt afbrotarvarnahlutverk sitt þegar um skipulagða brotastarfsemi er að ræða, undirbúning hryðjuverka og landráðabrot.

## 2. Ákvæði um meðferð vopna hjá lögreglu.

Með frumvarpinu er sett inn ákvæði um vopnaburð lögreglunnar í lögreglulög en hingað til hefur lagastoðin verið í vopnalögum. Ákvæðið hljóðar nú eins og ákvæði í valdbeitingarreglunum sem giltu frá 1999 og einnig þeim sem tóku gildi árið 2023 þ.e. að lögreglustjórar geti gefið fyrirmæli um að lögreglumenn skuli vopnast. Í valdbeitingarreglunum er svo nánar tilgreint í hvaða tilvikum, með hvaða hætti o.fl. Að mati félagsins er eðlilegt að ítarlegar valdbeitingarreglur séu settar af ráðherra en grundvallar lagaheimildin sé í lögreglulögum rétt eins og heimild lögreglu til valdbeitingar, sem er í 1. mgr. Við þessa lagabreytingu verður engin breyting á verklagi lögreglu við valdbeitingu eða vopnaburð heldur er lagastoðin færð í lögreglulög úr vopnalögum. Heimild lögreglu til að vopnast verður ekki rýmri með breytingunni eða kallar á nein viðbrögð með breytingum á valdbeitingarreglum eða verklagi. Efnislegar breytingar eru því engar.

Varast skal að láta slá hér ryk í augu því eini tilgangur breytingarinnar líkt og fram kemur í greinargerð með lögnum er að lögfesta tiltekin grundvallarákvæði í gildandi reglum um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna frá árinu 1999, núgildandi frá árinu 2023. Reglurnar eru settar með stoð í 1. mgr. 3. gr. vopnalaga nr. 16/1998 er kveður á um að ráðherra setji sérstakar reglur um vopn í eigu lögreglu. Vopnalög gilda um alla almenna vopnaeign í landinu, innflutning þeirra, skráningu, leyfi og meðferð og eru ekki sérlög um lögregluna. Af þeirri ástæðu þykir eðlilegt að lagaheimild fyrir vopnaburði lögreglu sé í lögreglulögum. Þá er á það bent að breyting á ákvæði þessu var ekki ástæða breytinga á lögreglulögum heldur nauðsyn á að skerpa á heimildum lögreglu við afbrotavarnir. Skynsamlegt er að mati lögreglustjóra að lagfæra lagastoð þessa samhliða öðrum breytingum.

## 3. Afbrotavarnir

Lögreglustjórafélag Íslands fagnar því að skerpa eigi á heimildum lögreglu er snýr að skyldum hennar gagnvart afbrotavörnum. Í fyrsta lagi er kveðið á um að lögregla hafi heimild til að nýta þær upplýsingar sem hún búi yfir eða aflar til greininga í því skyni að lögregla geti uppfyllt öryggis- og afbrotavarnahlutverk sitt. Í öðru lagi er lagt til að lögregla hafi heimild til að hafa eftirlit með einstaklingum hafi þeir tengsl við skipulagða brotastarfsemi. Þessi heimild er gríðarlega mikilvæg ef einhver árangur á að nást við að uppræta skipulagða brotastarfsemi. Þarna er um að ræða heimildir á

## Lögreglustjórafélag Íslands

grundvelli lögreglulaga þar sem ekki er verið að rannsaka sakamál eftir lögum um meðferð sakamála. Óþarft er að tíunda ógnir sem fylgja skipulagðri brotastarfsemi og tjón sem henni fylgir fyrir samfélagið og einstaklinga enda samstaða um það í landinu að berjast gegn þeim vágæsti. Til þess þarf lögregla að hafa skýrar lagaheimildir.

Í þriðja lagi er lagt til varðandi afbrotavarnir í þágu öryggis ríkisins að heimildir lögreglu til að viðhafa aðgerðir í þágu afbrotavarna verði gerðar skýrari og þær styrktar. Þar er lagt til að lögregla fái heimildir til að viðhafa eftirlit með einstaklingum sem lögregla hefur upplýsingar um að af kunni að stafa sérgreind hættu fyrir öryggi ríkisins eða almennings. Í slíkum tilvikum er lögreglu heimilt að afla upplýsinga vegna rannsóknar slíkra brota og til að afstýra slíkum brotum.

Að mati félagsins eru þetta gríðarlega mikilvægar heimildir til þess að lögregla geti komið í veg fyrir brot sem ógna öryggi ríkisins, þ.e. landráðabrot og hryðjuverk. Nauðsynlegt er að mati lögreglustjóra að færa umhverfi lögreglunnar nær því umhverfi sem yfirvöld í nágrannalöndum okkar búa við. Almenn er viðurkennt að barátta gegn brotum af þessu tagi lúti öðrum lögmálum en eiga við um rannsóknir hefðbundinna sakamála. Á öllum Norðurlöndunum starfa sérstakar stofnanir innan lögreglu sem hafa það hlutverk að stemma stigu við afbrotum sem geta raskað öryggi ríkisins.

Lögreglustjórafélag Íslands lýsir ánægju sinni með framkomið frumvarp og telur mikilvægt að það verði að lögum svo lögregla geti sinnt skyldum sínum og meðal annars tryggt öryggi borgaranna. Þýðingarmikið er að íslensk löggjöf varðandi afbrotavarnir færast nær því sem gildir á Norðurlöndunum, sem eru þau lönd sem við berum okkur helst saman við. Félagið fagnar ákvæðum um frekara eftirlit með störfum lögreglu og telur til dæmis að Nefnd um eftirlit með lögreglu hafi sannað gildi sig og sé mikilvægur þáttur í eftirliti og endurskoðun á ákvörðunum lögreglu í þágu borgaranna.

Lögreglustjórafélag Ísland styður frumvarpið.

Virðingarfyllt,

Páley Borgþórsdóttir,  
formaður Lögreglustjórafélags Íslands.